



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 10. janúar 2023

Staðsetning fundar: Teams

Dagsetning: þri.10.01.2023 kl. 14:00

Mættir: Íris, Alexandra, Ragnar, Sirrý, Anna, Áróra. Fjarverandi: Sunna, Olga

Fundarritari: Alexandra

GBC Iceland – Grænni byggð – stjórn 2022-2023:

1. Ragnar Ómarsson (RÓ), formaður– Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
2. Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ), gjaldkeri - umhverfisstjóri hjá Reitum – iris@reitir.is
3. Alexandra Kjeld (AK), ritari – EFLA verkfræðistofa - alexandra.kjeld@efla.is
4. Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB), meðstjórnandi – VSÓ ráðgjöf - sigridur@vso.is
5. Olga Árnadóttir (OÁ), meðstjórnandi – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is
6. Anna Sigríður Jóhannsdóttir (ASJ), varamaður - VA arkitektar – anna@vaarkitektar.is
7. Sunna Hrönn Sigmarsdóttir (SHS),varamaður – Reginn – sunna@reginn.is

Áróra Árnadóttir (ÁÁ) –framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – arora@graennibyggd.is

Dagskrá fundar:

1. Aðildafélög og starfsemi

Rýnt var lauslega í niðurstöður spurningakönnunar frá gerð seinustu markáætlunar Grænni byggðar. Verið er að hanna spurningalista sem sendur verða út til stjórnenda á næstu vikum og byggir á grunni fyrri könnunar ásamt svörum stjórnenda í tölvupósti. Þegar er staðfest góð þátttaka á fundinn 16. mars. Framkvæmdastjóri bókar sal á Miðgarði við Hlemm og stjórnendur skipta sér milli borða til þess að fanga umræður. Boðið verður upp á ólíka matseðla.

Stefnt að því að senda út spurningakönnun til stjórnenda 17. janúar, stjórn fer yfir svörun á fundi sínum 14. febrúar og verða niðurstöður spurningakönnunar sendar á stjórnendur aðildafélaga í febrúarmánuði.

Rætt var aftur félagatal og kynningarstarf félagsins, og verður það tekið upp á næsta fundi stjórnar.

2. Verkefni félagsins

Farið var yfir stöðu CIRCON verkefnis, en óparfa töf hefur orðið á styrkgreiðslum sem hefur reynst félaginu erfitt viðureignar. Verið er að undirbúa erindi til EA Norway Grants í samstarfi við PL-GBC.

3. Starfsemi félagsins

Ræddar voru ýmsar tillögur að morgunfundum um brennandi málefni og verða sendar út fyrirspurnir til nokkurra aðila sem tengjast málefnum umhverfisvottana, vistvæns skipulags, samgangna á höfuðborgarsvæðinu, heilsu og heilbrigði.

4. Stefnt er að aðalfundi félagsins 26. apríl kl .15. Undirbúa þarf ársskýrslu og ársreikning, starfsáætlun á grundvelli markáætlunar, fjárhagsáætlun og



lagabreytingar. Lög félagsins vantar inni á heimasíðu. Sunna og Ragnar taka að sér að gera drög að lagabreytingum. Auglýsa þarf aðalfund með a.m.k. 2ja vikna fyrirvara, en stefnt verður að bjóða á þennan aðalfund með amk mánaðarfyrirvara. Fundargögn verða rædd og undirbúin á stjórnarfundum 7. mars

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl 15.40. Næsti stjórnarfundur er boðaður 14. febrúar í húsakynnum Verkís.